

Skilmálar EIMSKIP.is

Öll notkun og/eða viðskipti um vefsíðu Eimskip ehf. (hér eftir EIMSKIP) eru háð notenda- og samningsskilmálum (hér eftir "skilmálar") sem hér koma fram.

Vefsíða í skilningi þessara skilmála skal teljast vera upplýsingar sem dreift er á heimsvísu með Hyper Text Transfer Protocol (HTTP staðli) um Transmission Control Protocol/Internet Protocol (TCP/IP) netið, sem jafnframt er nefnt Internetið.

VIÐ HVETJUM NOTENDUR VEFSÍÐUNNAR TIL AÐ LESA EFTIRFARANDI SKILMÁLA VANDLEGA ÁÐUR EN ÞEIR SKOÐA ÞESSA VEFSÍÐU. ÞETTA ERU ÞEIR SKILMÁLAR SEM GILDA UM HEIMSÓKN NOTENDA Á VEFSÍÐUNA OG ÖLL VIÐSKIPTI SEM ÞEIR KUNNA AÐ GERA UM HANA, NÚ EÐA SÍÐAR.

EIMSKIP heldur úti þessari vefsíðu og öðrum vefsíðum sem eru tengdar þessari vefsíðu og bera þess merki að vera eign EIMSKIP (hér eftir sameiginlega "vefsíða") og öllum upplýsingum, hugbúnaði, myndum, texta, tónlist, hljóðum, öllu öðru efni og þjónustu sem veitt er á þessari vefsíðu (hér eftir sameiginlega "efni") til afnota og aðgangs fyrir allan almenning en einungis í þeim lögmæta tilgangi sem lýst er hér að neðan.

SAMÞYKKI SKILMÁLANNA.

Með því að fara inn á þessa vefsíðu, skoða hana og/eða afla upplýsinga af henni, hverju nafni sem nefnast, samþykkir notandi, án takmarkanna, að vera bundinn af þessum skilmálum og til að fara eftir öllum viðeigandi lögum og reglum. Notandi ábyrgist að hafa heimild að lögum til að samþykkja þessa skilmála fyrir sjálfan sig eða þann aðila sem hann kemur fram fyrir. Verði einstök ákvæði skilmála þessa lýst ógild, ólögmæt eða eigi verður unnt að leita fullnustu þeirra að einhverju leyti, skal það engin áhrif hafa á gildi, lögmæti og fullnustumöguleika annarra ákvæða skilmálanna. Hvers konar undantekningar og takmarkanir eiga aðeins við að því marki sem íslensk lög heimila.

Notandi vinsamlegast beðinn um að skoða ekki eða nota vefsíðuna ef hann samþykkir ekki þessa skilmála.

SENDING UPPLÝSINGA.

Notandi samþykkir að veita EIMSKIP fulla og ótakmarkaða heimild til að nota allar þær upplýsingar sem hann sendir til vefsíðunnar, án nokkurs endurgjalds, þó þannig að skráning eða notkun upplýsinganna sé eðlilegur þáttur í starfsemi EIMSKIP.

VINNSLA EIMSKIPS Á FENNUM UPPLÝSINGUM.

EIMSKIP skal vera heimilt að nota slíkar upplýsingar í markaðsstarfsemi félagsins. Skal tilkynning þessi um slíka vinnslu persónuupplýsinga jafngilda viðvörðun um slíka vinnslu. Nánari upplýsingar um vinnubrögð, vinnuferli og annað sem lýtur að vinnslu persónuupplýsinga fæst á skrifstofu EIMSKIP nánar tiltekið:

Eimskip ehf.
Korngörðum 2
104 Reykjavík

Óheimilt er að senda til vefsíðunnar upplýsingar sem geta talist ólögættar eða fela í sér refsivert brot eða brot gegn einkaréttarlegum hagsmunum.

ÁBYRGÐ EIMSKIP. UNÐANÞÁGUR OG TAKMÖRKUM ÁBYRGÐAR.

Upplýsingarnar sem hér eru birtar hafa verið teknar saman af EIMSKIP og eru sóttar til félagsins sjálfs og utan þess. EIMSKIP leitast við að upplýsingarnar á vefsíðunni séu réttar, áreiðanlegar og tæmandi.

Þess ber að gæta að upplýsingar þessar kunna að vera ófullkomnar, í þeim kunna að leynast villur og þær kunna að hafa úrelst. Því er rétt að sannreyna upplýsingar sem fengnar eru á þessari vefsíðu áður en ráðstafanir eru gerðar á grundvelli þeirra með því að hafa samband við næstu skrifstofu EIMSKIP eða umboðsaðila EIMSKIP, eftir því sem við á.

EIMSKIP ber skaðabótaábyrgð eftir almennum reglum skaðabótaréttar á beinu tjóni notanda sem rekja má til ásetnings eða stórfellds gáleysis félagsins eða starfsmanna þess, með þeim undantekningum sem fram koma í skilmálum þessum. Sönnunarbyrði um skaðabótaábyrgð EIMSKIPS hvílir á þeim sem heldur því fram að félagið beri ábyrgð.

Ábyrgð EIMSKIP nær eingöngu til þess beina tjóns sem verður vegna athafna félagsins eða starfsmanna þess en aldrei til óbeins eða afleidds tjóns svo sem tapaðra viðskipta, álitshnekks eða hvers kyns annars tjóns.

EIMSKIP ber ekki ábyrgð á tjóni sem hlýst af vanþekkingu, misskilningi eða misnotkun notanda eða annarra aðila hvort sem þeir eru á vegum notanda eða ekki.

EIMSKIP ber enga ábyrgð á tjóni sem stafar af því að búnaður sem notandi leggur til virkar ekki sem skyldi.

EIMSKIP ber ekki ábyrgð á tjóni, beinu eða óbeinu, sem orsakast kann vegna takmörkunar og/eða rofins aðgangs og/eða fyrirvaralausrar lokunar vefsíðunnar svo sem vegna viðhaldsaðgerða, bilana í tölvubúnaði og/eða hugbúnaði EIMSKIPS, uppfærslu skráa, breytinga á kerfi eða annarra nauðsynlegra og óviðráðanlegra orsaka.

EIMSKIP ber enga bótaábyrgð vegna hvers kyns tjóns eða miska sem kann að stafa af því að upplýsingarnar reynast rangar, óáreiðanlegar og/eða ekki tæmandi um efni eða því að aðgangur fékkst eða fékkst ekki að vefsíðu þessari eða tengdum vefum.

Bætur vegna tjóns sem notandi verður fyrir vegna aðgangs og/eða aðgerða í tengslum við vefsíðuna sem EIMSKIP ber ábyrgð á geta ekki orðið hærrí en sem nemur SDR 7.500 vegna hvers tjóns eða fleiri tjóna ef orsök þeirra er sú sama, en með SDR er átt við þá alþjóðlegu verðmælieiningu sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn notar. Reikna skal SDR til íslensks gjaldeyris eftir gengi þess dags er greiðsla fer fram.

TAKMÖRKUN Á NOTKUN Á VEFSÍÐU OG EFNI

Leyfilegur aðgangur notanda að vefsíðunni er bundinn við aðganginn sem slíkan, skoðun vefsíðunnar og/eða til nota á þeirri þjónustu sem boðin er á vefsíðunni. Leyfilegur aðgangur notanda nær ekki til annarrar notkunar á efni eða vefsíðu.

Notanda er óheimilt að tengja vefsíðuna við aðrar vefsíður, eða gera vefsíðuna hluta af annarri vefsíðu án skriflegs samþykkis EIMSKIP.

Öll notkun hugbúnaðar er óheimil að öðru leyti en nauðsynleg er vegna leyfilegra athafna notanda. Leyfi notanda fellur sjálfkrafa niður ef notandi brýtur einhver atriði þessara skilmála.

SÍÐUR SEM TENGÐAR ERU VEFSÍÐUNNI OG ER EKKI HALDIÐ ÚTI AF EIMSKIP.

EIMSKIP tekur enga ábyrgð á þeim vefsíðum sem tengdar eru vefsíðunni en er ekki haldið út af EIMSKIP. Eimskip ber heldur ekki ábyrgð á vefsíðum sem nota má til að komast í samband við vefsíðu EIMSKIP.

EIMSKIP ræður ekki efni eða fyrirkomulagi á öðrum vefsíðum en sínum eigin og geta ekki borið ábyrgð á þeim, innihaldi þeirra, notkun eða framkvæmd. Það er á ábyrgð notanda hverju sinni að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að það sem notað er sé laust við vírusa og annað sem getur haft eyðileggjandi áhrif.

ENDURSKOÐUN

EIMSKIP er heimilt að endurskoða, breyta, bæta og/eða fella út efni og/eða þjónustu, og/eða aðgerðir og/eða upplýsingar á vefsíðunnar hvenær sem er, án fyrirvara.

EIMSKIP hefur rétt til þess að takmarka og/eða rjúfa aðgang notanda að vefsíðunni fyrirvaralaust og án tilkynningar, vegna nauðsynlegra viðgerða, bilana í hug- eða vélbúnaði, uppfærslu skráa, breytinga á kerfum og annarra óviðráðanlegra orsaka og nauðsynlegra aðgerða allt eftir mati EIMSKIPS hverju sinni.

EIMSKIP getur hvenær sem er endurskoðað og breytt þessum samningsskilmálum. Með samþykkt þessara skilmála samþykkir notandi að vera bundinn af öllum slíkum síðar tilkomnum breytingum.

TRÚNAÐUR OG HUGVERKARÉTTINDI.

Öll notkun og meðhöndlum upplýsinga sem notandi fær af vefsíðunni er á ábyrgð notanda og er honum einungis heimilt að nota þær upplýsingar í eigin þágu.

Vörumerki, þjónustumerki og viðskiptaheiti sem birt eru á vefsíðu þessari njóta verndar á Íslandi og alþjóðlega. Hvers kyns notkun þeirra er óheimil nema að fenginni skriflegri heimild fyrirfram frá EIMSKIP eða þeim samstarfsaðila sem um ræðir, nema í þeim tilgangi einum að tilgreina vörur eða þjónustu fyrirtækisins.

Allt sem fram kemur á vefsíðu EIMSKIP nýtur réttar höfundaréttar og er öll notkun þess óheimil án skriflegs leyfis EIMSKIP.

EIMSKIP ábyrgist ekki að notkun notanda á þjónustu og efni vefsíðunnar brjóti ekki gegn betri rétti þriðja aðila sem ekki er í eigu EIMSKIP eða tengist félaginu. Vefsíða EIMSKIP kann að innihalda önnur höfundaréttarákvæði sem verður að virða og fara eftir.

AÐGANGUR AÐ LOKUÐUM SVÆÐUM.

Aðgangur að ákveðnum svæðum vefsíðunnar er einungis fyrir aðila sem sérstaklega hafa keypt sér slíkan aðgang. Aðgangur að slíkum svæðum takmarkast við þá aðila og er hverskyns aðgangur annarra og/eða tilraun til aðgangs óheimill og refsiverður.

LÖGSAGA.

Um vefsíðu þessa og skilmála gilda íslensk lög. Rísi mál út af skilmálum þessum eða vefsíðunni skal reka þau fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Notandi sem fer inn á vefsíðuna og skoðar frá stöðum utan Íslands gerir það á eigin ábyrgð. EIMSKIP tekur ekki ábyrgð á því að efni vefsíðunnar sé hæft til aðgangs eða notkunar utan lögsögu Íslands og allur aðgangur frá ríkjum þar sem efni vefsíðunnar er ólöglegt að einhverju leyti er bannaður. Notandi samþykkir að EIMSKIP eigi rétt á því að neita notanda um aðgang að vefsíðunni hvenær sem er, án nokkurs fyrirvara, sem og til að stöðva tengingu notanda eða aðgang að vefsíðunni.